# Sigríður Þórðardóttir

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Erfðamál – Sigríður Þórðardóttir – 1940

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 3

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# A F S A L

Ég undirrituð Sigríður Þórðardóttir, til heimilis á Bakkastíg 8 hér í bæ, sel hér með og afsala Reykjavíkurhöfn húseign minni nr. 8 við Bakkastíg hér í bænum, ásamt allri tilheyrandi eignarlóð, sem er að stærð, samkv. fasteignamati Reykjavíkur, 1258 $m^2$ og öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu, fyrir umsamið kaupverð kr. 25.000.00 -

---------------- TUTTUGUOGFIMMÞÚSUNDKRÓNUR ------------------------

Kaupandi greiðir kaupverðið þannig:

1. Að hann tekur að sér að greiða sem sína skuld veðdeildarlán, sem á eigninni hvílir, í Landsbankanum, nú að eftirstöðvum kr. 3.182.02
2. Með því að seljandi tekur leigu af eigninni til 14. maí n.k. ........................................ " 1.012.50
3. Greiðir í peningum við undirskrift þessa afsals ... " 20.805.48

Kr. 25.000.00

Kaupandi tekur við eigninni í því ástandi, sem hún nú er í, og er hún í ábyrgð hans frá afsalsdegi.

Kaupandi greiðir vexti og kostnað af áhvílandi veðdeildarláni frá 1.þ.m. og alla skatta og gjöld frá 1. jan. 1941.

Seljandi skal hafa sagt öllum núverandi leigendum í húsinu upp íbúðum þeirra með löglegum fyrirvara fyrir 14. maí n.k.

Brenni húseignin eða verði fyrir öðrum skemdum á tímabilinu til 14. maí n.k., sem gera það að verkum, að hún verður ekki hæf til íbúðar, skal kaupandi greiða seljanda það, sem á vantar, að hann njóti leigunnar til 14. maí, samkv. 2. lið greiðsluskilmálanna.

Kaupandi heldur kaupi sínu til laga en seljandi svarar til vanheimilda fyrir sölunni.

Til staðfestu ritum við nöfn okkar hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 7. okt. 1940.

KAUPANDI: SELJANDI:

Vitundarvottar:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur